

## Breytingartillögur

við frv. til l. um vinnumarkaðsaðgerðir.

Frá félagsmálanefnd.

1. Við 4. gr.
  - a. Í stað 2. másl. 1. mgr. komi tveir málsliðir, svohljóðandi: Ráðherra er þó heimilt að ákveða annað fyrirkomulag. Vinnumálastofnun annast jafnframt önnur þau verkefni sem henni eru falin með sérlögum.
  - b. 3. mgr. orðist svo:

Vinnumálastofnun skal reka þjónustustöðvar. Félagsmálaráðherra ákveður hvar á landinu þær skulu vera að fenginni umsögn forstjóra og stjórnar stofnunarinnar.
  - c. Við 4. mgr. bætist: Leita skal eftir samstarfi við aðra aðila um fjármögnun, svo sem lífeyrissjóði.
2. Við 5. gr.
  - a. 1. mgr. orðist svo:

Félagsmálaráðherra skipar tíu manna stjórn Vinnumálastofnunar að fengnum tilnefningum til fjögurra ára í senn. Tveir stjórnarmenn skulu tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands, einn tilnefndur af Bandalagi háskólamanna, einn tilnefndur af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, einn tilnefndur af fjármálaráðuneyti, einn tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og tveir tilnefndir af Samtökum atvinnulífsins. Tilnefna skal jafnmarga fulltrúa til vara. Ráðherra skipar tvo stjórnarmenn án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður stjórnar stofnunarinnar og hinn varaformaður. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.
  - b. Á eftir orðunum „sem forstjóri leggur fyrir“ í 2. másl. 2. mgr. komi: hana.
  - c. Í stað orðanna „um atvinnuástandið“ í 5. másl. 2. mgr. komi: við mat á atvinnuástandi.
3. Við 6. gr.
  - a. Í stað orðanna „á svæðinu“ í 2. másl. 1. mgr. komi: á hverju svæði.
  - b. Í stað orðanna „sveitarfélögunum á svæðinu“ í 3. másl. 1. mgr. komi: sveitarfélögum á hverju svæði.
  - c. Orðin „á svæðinu“ í 2. mgr. og 4. mgr. falli brott.
4. Við 7. gr. Í stað orðsins „rökstuddar“ í 3. másl. 1. mgr. komi: studdar.
5. Við 8. gr. Í stað orðanna „vera skrifleg á þar til gerðum eyðublöðum“ komi: gerð með sannanlegum hætti.
6. Við 10. gr. Í stað orðsins „starfið“ í 2. másl. 1. mgr. komi: starf.
7. Við 17. gr.
  - a. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Vinnumálastofnun skal jafnframt reglubundið kanna mannaflapörf og framtíðarhorfur í atvinnugreinum þannig að meta megi atvinnuöguleika námsmanna eftir

námsleiðum og efla ráðgjöf við nemendur í framhalds- og háskólanámi þar að lútandi.

- b. Í stað orðsins „atvinnuástandið“ í fyrirsögn greinarinnar komi: atvinnuástand.